


Kveðja frá forstjóra

Mikilvægur tími framundan – allir þurfa að taka á saman

Undanfarnar vikur hefur mjólkurframleiðslan vaxið nokkuð hratt. Hins vegar gengur hægar að auka fituhlutfall í mjólk. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig innvigtun ársins hefur vaxið. Rauða línan sýnir framleiðsluna í ár í samanburði við 2013 (bláa línan) og 2012 (græna línan). Þetta lítur vel út við fyrstu sýn, en fituhlutfall í mjólk er töluvert minna en í fyrra og því er fituinnvigtun ekki að aukast milli ára sem þessu nemur. Innan fárra vikna má búast við því að



framleiðsla á landinu fari að dragast saman eins og jafnan gerist seinnipartinn í júní. Þá skiptir miklu að fallið verði ekki of bratt eins og gerðist í fyrra. Það getum við aðeins tryggt með því að huga vel að sumarfóðrun. **Bændur eru**

því hvattir til að gefa fulla gjöf með sumarreitinni og slaka ekki á í kjarnfóðurgjöf.

Mjólkursamsalan mun halda áfram útgáfu fjósritsins Spensans og birta þar ráðleggingar og ábendingar um sumarreit og sumarfóðrun á næstu vikum.



Viðbrögð bænda og afurðastöðva við jákvæðri markaðsþróun mest rædd á aðalfundi Auðhumlu

Á aðalfundi Auðhumlu, sem haldinn var á Selfossi fyrir rúmri viku var samþykktur ársreikningur félagsins, sem var í fyrra rekið með um 299 milljóna króna hagnaði. Framan af ári benti flest til þess að afkoman myndi batna milli ára, en árið 2012 var 412 milljóna króna hagnaður. Á lokamánuðum ársins sló hins vegar í bakseglin þegar félagið tók á sig umtalsverðan kostnað til að tryggja hráefni til mjólkurvinnslu í landinu. Greitt var fullt verð fyrir alla mjólk sem framleidd var frá byrjun október og að auki tók félagið á sig kostnað vegna innflutnings á smjöri sem notað var í nokkrar vinnsluvörur í desember.

Í umræðum á fundinum var mest fjallað um sprengingu í sölu á fituríkum afurðum á markaði og möguleg viðbrögð bænda til að mæta þessari stórauðnu eftirspurn. Fram kom að á árinu 2013 hefði sala á fituríkari afurðum byrjað að vaxa á öðrum ársfjórðungi eftir að hafa staðið í stað um 6 mánaða skeið. Vöxturinn varð síðan óvenju hraður á seinni hluta ársins og reiknað á fitugrunni jókst salan um tæplega 7 milljónir lítra frá 2012. Farið var yfir með hvaða hætti og hvenær þessi aukning hefði komið fram. Athugasemdir og fyrirspurnir voru gerðar við birgðastýringu af hálfu Mjólkursamsölnunnar og velt upp hvort hægt hefði verið að afstýra fituskorti með því að kalla einhverjum vikum fyrr eftir viðbótarmjólk. Stjórnendur félagsins bentu á að samhlöð sveifla í eftirspurn og framboði hráefnis, sem lækkaði óvenju hratt á seinni hluta 2013, hafi gert að verkum að mjög erfitt eða ómögulegt hefði verið að komast hjá þeirri stöðu sem kom upp í árslok. Á það var bent að 6 mánuðum eftir að kallað var eftir viðbótarmjólk hafði framleiðslan enn ekki náð að halda í við þróunina sem heldur áfram á markaði. Fyrstu 4 mánuði ársins 2014 jókst sala á fituríkum



afurðum enn. Sala á smjöri og smjörva var 13% meiri en á sama tíma 2013 og 22% meiri en á sama tímabili 2012. Sala á rjóma á þessu tímabili hefur verið 18% meiri en á síðasta ári og 25% meiri en í janúar til apríl 2012.

Egill Sigurðsson, stjórnarformaður Auðhumlu og Mjólkursamsölnnar, sagði á fundinum að skýringar á þessari söluaukningu væru nokkrar. Auk neyslubreytingar er hér um að ræða afrakstur endurskipulagningar í mjólkuriðnaði á umliðnum árum sem leitt hefur til en markvissara markaðs og sölustarfs og vel heppnaðar vörubrúnaar. Þá nefndi hann einnig hóflega verðlagningu á mjólkurvörum á markaði og verðþróun innan marka vísitölnnar. Egill minnti á að staðan væri þannig nú að greitt yrði fullt afurðastöðvaverð fyrir alla mjólk út næsta ár og þá hefur greiðslumarkskerfið í raun fríhjólað sem framleiðslustýring í þrjú ár. Egill sagði: „Á næstu misserum verða teknar ákvarðanir um framtíðargreiðslufyrirkomulag fyrir mjólk. Þegar lýkur þessu þriggja ára tímabili, þar sem greitt er eitt fast verð fyrir alla mjólk, er erfitt að sjá hvernig hægt verður að hverfa til fyrra fyrirkomulags og greiða eitt verð fyrir mjólk fyrir innanlandsmarkað og annað fyrir útflutningsmjólk. Sett hefur verið af stað undirbúningsvinna á vegum landbúnaðarráðuneytisins til að leggja drög að nýjum búvörusamningi í stað þess sem rennur út árið 2016. Í þessari vinnu verður lagt mat á alla helstu þætti þeirrar umgjærðar sem mjólkurframleiðsla og mjólkuriðnaði er búin. Ákvarðanir um framtíðarfyrirkomulag mjólkurkaupa munu vafalítið taka mið af framvindu þeirrar vinnu enda er sjálft greiðslumarkskerfið meðal þess sem lagt verður mat á.“

Einar Sigurðsson, forstjóri Auðhumlu og MS, fjallaði um rekstur félagsins og ársreikning og stöðuna á markaði. Hann greindi frá því að unnið væri að gerð spálkana um mögulega þróun markaðar fyrir mjólkurvörur fram til ársins 2020. Slík líkanagerð byggir á gefnum forsendum og reynslu undanfarinna ára og er því skýrum takmörkunum háð. Hún á til dæmis erfitt með að sjá fyrir sveiflur á borð við þær sem urðu í sölu fitumeiri afurða á árinu 2013. Ef spár um markaðsvöxt fram til ársins 2020 eru byggðar á spám um fólksfjölgun og ferðamenn og gert ráð fyrir að eftirspurn vaxi í takt við fjölgun neytenda þarf framleiðslan að vaxa um meira en 15 milljónir lítra fram til 2020. Verði neysluvöxtur á feitarri mjólkurvörum í samræmi við það sem verið hefur undanfarin 10 ár þyrfti framleiðsla að aukast

um ríflega 21 milljóni lítra. Þá er ekki gert ráð fyrir neinni umtalsverðri umframframleiðslu.

Hlutfall kynja í stjórn tryggt með samþykktarbreytingu

Á aðalfundinum voru gerðar breytingar á samþykktum sem tryggja að hér eftir verði hlutföll kynjanna í stjórn Auðhumlu að lágmarki 40/60.

Í stjórnarkjöri gaf Guðrún Sigurjónsdóttir ekki kost á sér til endurkjörs og voru henni þökkúð vel unnin störf. Í stjórn voru kjörin: Arnar Bjarni Eiríksson, Birna Þorsteinsdóttir, Elín M Stefánsdóttir, Egill Sigurðsson, Jóhanna Hreinsdóttir, Jóhannes Torfason, Jóhannes Ævar Jónsson.

Stjórnin hefur skipt með sér verkum og Egill Sigurðsson er formaður stjórnar, Jóhannes Jónsson er varaformaður og Birna Þorsteinsdóttir ritari.

Í varastjórn voru kjörin: Laufey Bjarnadóttir, Pétur Diðriks-son og Laufey Skúladóttir. Nýr skoðunarmaður var kjörinn Hannes Ólafsson.

Aðalfundurinn gagnrýnir málfutning SA um landbúnað

Á aðalfundinum var kynnt afstaða Samtaka atvinnulífsins varðandi breytingar á umgjörð landbúnaðarmála. Þessar hugmyndir myndu raska mjög stöðu bænda og rekstrargrundvelli vinnslufyrirtækja þeirra. Þær voru mótaðar án nokkurrar aðkomu frá vinnslufyrirtækjunum sem aðild eiga að SA í gegnum samtök iðnaðarins. Forráðamenn mjólkur- og kjötiðnaðar hafa harðlega mótmælt þessum vinnubrögðum og hafa átt fund með forystu SA um málið. Aðalfundur Auðhumlu samþykkti eftirfarandi tillögu: „Aðalfundur Auðhumlu svf., haldinn 25. apríl 2014, beinir því til stjórnar félagsins að endurmeta stöðu Mjólkursamsölnnar, dótturfélags Auðhumlu, innan Samtaka atvinnulífsins í kjölfar af stefnumörkun Samtaka atvinnulífsins og yfirlýsinga forsvarsmanna samtakanna um landbúnað á síðustu vikum.“

Með kveðju,
Einar Sigurðsson, forstjóri

